

## EFNISYFIRLIT

<b>ALMENNAR UPPLÝSINGAR.....</b>	<b>2</b>
LEIKSKÓLI .....	2
UPPELDISSTARF, ÁHERSLUR OG MARKMIÐ.....	2
<b>STARFIÐ SL. LEIKSKÓLAÁR.....</b>	<b>2</b>
STARFSÁÆTLUN .....	2
INNRA MAT Á STARFINU, FRAMKVÆMD OG NIÐURSTÖÐUR .....	3
ÞRÓUNAR OG NÝBREYTNISTARF .....	3
FERÐIR, MENNINGARVIÐBURÐIR, SÝNINGAR, HEFÐIR OG HÁTÍÐIR.....	4
<i>Menningarviðburðir og aðrar skemmtanir .....</i>	<i>4</i>
<i>Kynning á leikskólanum út á við.....</i>	<i>8</i>
<b>STARFSMENN .....</b>	<b>10</b>
STÖÐUGILDI .....	10
FUNDIR.....	10
SKIPULAGS- OG NÁMSKEIÐSDAGAR – ENDUR- OG SÍMENNTUN.....	11
<b>BÖRN .....</b>	<b>12</b>
FJÖLDI BARNA .....	12
SÉRKENNSLA.....	12
<b>FORELDRASAMSTARF.....</b>	<b>13</b>
ÁHERSLUR OG MARKMIÐ.....	13
FORELDRAFUNDIR .....	13
FORELDRAVIÐTÖL, FRÉTTABRÉF .....	13
FORELDRAFÉLAG.....	13
<b>SAMSTARF – FRÆÐSLA - RÁÐGJÖF.....</b>	<b>14</b>
RÁÐGJÖF OG SAMSTARF VIÐ REKSTRARADILA.....	14
SAMSTARF VIÐ AÐRA.....	14
STARFSMANNASAMTÖL.....	15
ÞROSKAÞJÁLFAKENNARANÁM VIÐ HÍ OG AÐRIR NEMAR .....	15
SAMSTARF VIÐ GRUNNSKÓLA.....	15
ÖRYGGISMÁL .....	16
NÁMSKEIÐ, FYRIRLESTRAR, RÁÐSTEFNUR O.FL. ....	17
LOKAORÐ.....	18

## Almennar upplýsingar

### Leikskóli

Tjarnarsel, Tjarnargötu 19 – sími 420-3100

Netfang: [tjarnarsel@reykjanesbaer.is](mailto:tjarnarsel@reykjanesbaer.is)

Veffang: [www.tjarnarsel.is](http://www.tjarnarsel.is)

Leikskólinn Tjarnarsel tók til starfa árið 1967 og er elsti leikskólinn í Reykjanesbæ. Tjarnarsel er með fjórar aldursskiptar deildir. Fyrir sumarfrí ár hvert færast nemendur hvefrrar deildar yfir á næstu aldursdeild ásamt kennurum. Leikskólinn hefur skýra starfsmannastefnu með marga fagmenntaða starfsmenn sem búa yfir mikilli starfsreynslu.

### Uppeldisstarf, áherslur og markmið

Í leikskólanum er starfað samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla sem Menntamálaráðuneytið gaf út 1999. Áhersluþættir leikskólans eru vettvangsferðir, lestrarhvetjandi umhverfi og umhverfismennt. Markmiðið er að flétta saman vettvangsnámi, umhverfisfræðslu og lestrarhvetjandi umhverfi inn í daglegt líf og starf leikskólans. Jafnframt hefur leikskólinn lagt mikla áherslu á að bjóða nemendum upp á opinn efnivið til leiks og til ýmiss konar sköpunar eins og kubba af öllum stærðum og gerðum. Í Tjarnarseli er áhersla á tillitssemi, vináttu og kærleika milli allra og hver einstaklingur lærir að bera virðingu fyrir sjálfum sér, náunganum og umhverfinu. Tjarnarsel er Grænánaskóli og hefur mótað umhverfisstefnu sem kennarar og nemendur koma að. Skýr starfsmannastefna og skólanámskrá leikskólans gerir vinnuferlið opnara og sýnilegra fyrir starfsfólk leikskólans og foreldra leikskólabarna.

Einkunnarorð leikskólans eru; hreyfing – lífsgleði – upplifun og virðing sem tengjast inn í daglegt líf leikskólans.

## Starfið sl. Leikskólaár

### Starfsáætlun

Starfsáætlunin byggir á áhersluþáttum leikskólans og framtíðarsýn allra starfsmanna leikskólans. Hlutverk hennar er tvíþætt; annars vegar er hún hugsuð sem tímaáætlun og hins vegar vinnuáætlun. Áætlunin er lögð fyrir leikskólakennara/leiðbeinendur og annað starfsfólk á starfsmannafundum.

### Dagatal leikskólans

Á starfsmannafundi 2. sept. '09 var dagatal leikskólans fyrir starfsárið 2009-2010 lagt fram. Þá var farið yfir það sem er á döfinni allt skólaárið og starfsfólk fékk tækifæri til þess að koma með athugasemdir (sjá fylgiskjal 1).

## Innra mat á starfinu, framkvæmd og niðurstöður

### Matsaðferðir

- ❖ Aldursmiðaðar atferliskannanir að hausti og vori.
- ❖ Ofvirkniþvarði fyrir 4 ára og eldri.
- ❖ Ísl. þroskalistinn.
- ❖ Smábarnalistinn.
- ❖ Athyglisbrestur barna, fyrir 4 ára og eldri.
- ❖ Hegðun á heimili, fyrir 4 ára og eldri sem foreldrar fylla út ef um hegðunarerfiðleika er að ræða.
- ❖ Hljóm – 2, sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum. Prófað er bæði að hausti og að vori þau börn sem komu slök út að hausti.
- ❖ Orðaskil (málþroskapróf).
- ❖ Gillberg og Echlars gátlisti fyrir einhverfa einstaklinga.
- ❖ Færni barns í málnotkun og málskilningi, gróf viðmið fyrir aldurinn 1 – 4ja ára.
- ❖ Sjónræn og heyrnræn stafabekking (könnuð hjá elstu börnunum fyrir og eftir lestrar- og skriftarnámskeið)

### Þróunar og nýbreytnistarf

**Þátttökuáðlögun.** Tekin var upp ný hópaðlögunaraðferð sem felst í því að helmingur barna nýrrar deildar (Mánavalla) byrjar á sama tíma og eru foreldrar með þeim frá kl. 09:00 – 15:00 í þrjú daga og aftur hafður sami háttur á með hinn helminginn. Foreldrar fylltu út spurningalista um hvernig þeim fannst til takast (sjá fylgiskjal 2). Foreldrum var boðið upp á hádegisfyrirlestra á meðan á hvíld stóð og flutti Árdís Hrönn erindi um málþroska barna og kynnti þróunarverkefnið „Bók í hönd og þér halda engin bönd“, Margrét kynnti útinám í vettvangsferðum, Inga María kynnti nám í gegnum einingakubba og Ragnhildur nám í gegnum könnunarleik. Sömu fyrirlestrar voru fluttir fyrir síðari hópinn (sjá fylgiskjal nr. 3).

### Styrkir til þróunarverkefna;

**Þróunarsjóður námsgagna** veitti leikskólanum styrk að upphæð kr. 1.000.000.- þann 3. maí '10 fyrir þróunarverkefnið *Bók í hönd og þér halda engin bönd*.

**Manngildissjóður** – úthlutun 27. maí '10. Leikskólinn fékk úthlutað styrk frá umhverfissviði Reykjanesbæjar að upphæð kr. 150.000.- til lýðræðislegrar þátttöku barna í nærumhverfinu.

**Styrkur úr sprotasjóði** – Tjarnarsel fékk styrk 4. júní '10, að upphæð kr. 600.000.- vegna verkefnisins; *Útinám í vettvangsferðum*; Lýðræðisleg þátttaka leikskólabarna í sínu nærsamfélagi. En hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

**Bók í hönd og þér halda engin bönd**, áfram var haldið með þróunarverkefnið og hefur verkefnisstjórinn verið dugleg við að kynna það í öðrum leikskólum og í öðrum sveitarfélögum (sjá kynning á leikskólanum út á við).

**Þróun lestrar- og skriftarnámsins.** Sífelld er verið að endurskoða og aðlaga tíu vikna lestrar- og skriftarnámið að starfsháttum og stefnu leikskólans og tökum við tillit til hugmyndaauðgi og reynslu kennaranna og lýðræðislegrar þátttöku elstu barnanna.

**Handbók fyrir lestrar- og skriftarkennslu** – frumvinnsla var hafin við skráningu á lestrar- og skriftartímunum, sem leikskólinn heldur fyrir elstu nemendur á vorönn ár hvert. Verið er að útbúa handbók um lestrar- og skriftarkennslu í leikskólum.

**Kennsluáætlanir fyrir hvert aldurstig** – eru endurmetnar og gefnar út ár hvert.

## **Ferðir, menningarviðburðir, sýningar, hefðir og hátíðir**

**Stytttri kynnisferðir.** Í hópastarfi sem er þrisvar-fjórum sinnum í viku er farið að mestu í vettvangsferðir. Þá eru svæði eins og Skrúðgarður, Nónvarða, Vatnsholt, Hrauntúnsholt, Skólaholt, fjaran, smábátahöfnin, Fitjarnar og ótal önnur svæði könnuð í öllum sínum fjölbreytileika. Flest er farið gangandi en þó stundum með strætisvögnum bæjarins.

**Lengri ferðir.** Í ævintýraviku elstu barna leikskólans er farið í styttri og lengri ferðir. Í vor var farið; í hesthúsin á Mánagrund og fóru börnin á hestbak, á slökkvistöðina í Reykjanesbæ, á glerblástursverkstæði í Grófinni þar sem börnin fengu sýnikennslu í glerblæstri. Einnig var farið í Stekkjarkot og landnámsdýragarðinn. Í útskriftarferð fóru elstu börnin í heimsókn í vinaleikskólann sinn Arnarsmára og var tekið vel á móti þeim, börnin sýndu þeim bæinn sinn og bókasafnið heimsótt. Einnig var farið í vinaskóg og grillaðar pylsur o.fl. og endað í Arnarsmára.

## **Menningarviðburðir og aðrar skemmtanir**

**Úti-íþróttadagur** haldinn 1. september '09 í frábæru veðri. Allar deildirnar tóku þátt. Útisvæðinu var skipt upp í 10 stöðvar og fóru hóparnir ásamt hópstjóra sínum á hverja stöð í ákv. tíma.

Sunnvallabörnin fóru að Myllubakkaskóla og tóku þátt í **opnun Ljósanæturhátíðarinnar** sem haldin var 3. - 6. sept. '09. Bærinn dreifði blöðrum sem allir leikskólarnir nálgudust í Tjarnarseli og farin skrúðganga héðan að Myllubakkaskóla. Sól- og Ljósvallabörnin fóru í vettvangsferð í skrúðgarðinn og fylgdust með opnuninni þaðan.

**Umhverfisverðlaun Reykjanesbæjar.** Tjarnarsel hlaut umhverfisverðlaun frá umhverfissviði Reykjanesbæjar fyrir umhverfismennt. Afhendingin fór fram í Duushúsum 17/9 '09.

**Haustferð 10. svæðadeildar FL,** haldin 11. sept. '09. Leikskólinn Vesturberg sá um ferðina.

**Heilsuvika í Reykjanesbæ 21. – 25. sept. '09.** Í tilefni hennar buðu kennarar og börn deildanna íbúum bæjarins í vettvangsferðir um bæinn. Sunnavellir buðu í vettvangsferð að Skjaldarmerkinu. Sólvellir fóru í gamla bæinn. Ljósvellir fóru upp á Nónvörðu og komu 10 nem. úr Öspinni/Njarðvíkurskóla.

**Evrópski tungumáladagurinn**, 25. sept. '09. Ein pólsk móðir kom og las upp sögu á pólsku og bauð öllum á Sunnuvöllum upp á pólskar pönnukökur. Önnur pólsk móðir á Ljósstöllum kom og söng fyrir börnin á pólsku.

**Næring ungra barna.** Lýðheilsustöð sendi leikskólanum kver um næringu ungra barna 21. sept. '09.

**Bókagjöf frá Félags- og tryggingamálaráðuneytinu og Jafnréttisstofu** 23. okt. '09. Fungum afhenta bókina; *Pegar Friðrik var Friða – Þegar Rósa var Ragnar*.

**Matráðum boðið í námskeið hjá Stórelldhúsi 29. og 30. okt. '09.** Haldið á Grand hóteli.

**Lúlli löggubangsi** kom í heimsókn ásamt Krissa löggugu 6. nóvember '09 og rifjaði upp með okkur umferðarreglurnar. Að endingu færði hann börnunum límmiða og endurskinsmerki að gjöf. (sjá öryggismál).

**Sr. Erla Guðmundsdóttir** prestur í Keflavíkurkirkju kom 27. nóv. '09 og 14. maí '10 í söngstund og átti samverustund með börnunum.

**Skessudagar í Reykjanesbæ** 14. og 15. nóv. '09. Öll Tjarnarselsbörnin fengu boðskort á skessudagana þar sem skessan bauð til hátíðar í hellinum sínum við smábátahöfnina. Margt var í boði s.s. leikir, sögustund, innileikjagardur o.fl.

Í tilefni af **Degi íslenskrar tungu** sem við héldum uppá föstudaginn 16. nóv. '09 fluttu kennarar Sólvalla leikþátt um *Litlu gulu hænuna* og sungin voru íslensk lög og farið með vísur.

**Jólahelgistund.** Þann 3. des. '09 var börnum í tveimur elstu árgöngunum boðið að koma í kirkjuna ásamt börnum frá öðrum leikskólum bæjarins, þar sem haldin var jólahelgistund. Nemendur Garðasels sáu um helgileikinn.

**Jólastund starfsfólks** 4. des. '09. Starfsfólk kom saman og átti góða kvöldstund með tilheyrandi jólamat og skemmtun.

**Jólaleiksýning í Duushúsum** 7. des. '09 Sunnuvallanemum boðið á leiksýningu af Reykjanesbæ að sjá leikritið *Lísa og jólasveininn*.

**Fjölskyldudagur í Kirkjulundi** var haldinn 9. des. '09. Sunnu-, Ljós- og Sólvallabörn voru með samverustund fyrir foreldra. Sunnuvallabörnin fluttu helgileik og Ljós- og Sólvallabörn fluttu jólasöngva og allir sungu saman jólalög. Boðið var upp á kaffi og smákökur sem börnin höfðu bakað. Frábær þátttaka og tókst samverustundin í alla staði mjög vel. Þann sama dag buðu Mánavallabörn foreldrum sínum í leikskólann þar sem boðið var upp á myndasýningu og smákökur og kaffi. Frábær þátttaka foreldra, systkina og annarra ættingja.

**Á heimaslóð** er nafnið á geisladisk sem Konráð Björgúlfsson afhenti leikskólanum sem innihélt jólalög eftir hann 15. desember '09.

**Litlu jólin** voru haldin hátíðleg 18. des. '09 á sal skólans. Sungið og dansað í kringum jólatréð og tveir frábærir jólasveinar komu í heimsókn sem skemmtu börnunum. Boðið var upp á hangikjöt með öllu tilheyrandi í hádegismat.

**Sunnuvallabörninn** fóru í heimsókn 22. des. '09 og afhentu starfsfólki Keflavíkurkirkju jólakort frá leikskólanum og sungu fyrir prest og starfsfólk. Einnig fóru þau með jólakort til Rósu Bjarnadóttur sem kom s.l. vor og sagði þeim frá upplifun sinni í Skjaldarbrunum 1935, en þá var hún tíu ára gömul. Tengdist það verkefni Sunnuvallabarnanna sem þau unnu um Skjaldarbrunann.

**Lestrar- og skriftarnámskeið** fyrir verðandi grunnskólanemendur á Sunnuvöllum hófst í leikskólanum 21. jan. '10 og stóð yfir í tíu vikur.

**Bóndadagurinn** var haldinn hátíðlegur 23. jan. '10 með því að bjóða pöbbum og/eða öfum að koma í Þorra-morgunmat. Frábær þátttaka.

**Þorablót** var 29. jan. '10. Til þess að gera daginn eftirminnilegan var komið saman á sal skólans og sungnar „þoravísur“. Sýning var á gömlum munum og leikföngum sem er í eigu starfsfólks leikskólans og Byggðasafnsins. Einn kennari skólans klæddi sig upp í gömul húsfreyjuföt og útskýrði og sýndi hina ýmsu hluti og brúkun þeirra.

**Dagur leikskólans** 5. febr. '10 (60 ára afmæli leikskóla á Íslandi). Í tilefni dagsins fóru börn á Ljós- og Sunnuvöllum í Skessuhelli og börnin á Sól- og Mánavöllum skrúðgarðinn í leiki.

**Prentsmiðjan Oddi, Pósturinn og Umslag** tóku höndum saman og gáfu öllum leikskólum landsins pappír. Þetta er liður í umhverfisverkefni sem beinir sjónum að ábyrgð pappírsframleiðenda sem hafa í meira en hálfra öld verið í fararbroddi í stækkun Evrópskra skóga. Tjarnarsel fékk senda tvo kassa af pappír 8. febr. '10 sem nýtist okkur á deildunum.

**Mömmu- og ömmukaffi** 19. febr. '10. Í tilefni konudags var mömmum og ömmum barnanna boðið upp á morgunkaffi. Frábær þátttaka.

**Bolludagur og sprengidagur** 22. og 23. febr. '10 voru með hefðbundnu sniði. Borðaðar rjómaþollar og fiskibollar í tilefni af bolludegi. Saltkjöt og baunir borðað í tilefni af sprengidegi.

**Öskudagur** 24. febr. '10 var furðufatadagur í leikskólanum. Börn og starfsfólk klæddist furðufötum. Í tilefni dagsins var „góðgæti slegið úr kassa“, dansað og börnin fóru frjálst á milli deilda.

**Fiskidagur í leikskólanum** 25. febr. '10. Í tilefni af væntanlegri listahátíð barna var haldinn fiskidagur í leikskólanum. Krufnir voru ýmsir furðufiskar fyrir Ljós- og Sunnavelli sem feður og afar færðu okkur.

**Inni-íþróttadagur** 11. mars '10. Húsinu öllu skipt upp í stöðvar sem börnin fóru í, nokkrar mínútur í senn. Mikið fjör og gaman.

Björgin – Geðræktarmiðstöð Suðurnesja sendi Gunnar Björnsson til okkar sem afhenti okkur bókina **Hughrif**, sem inniheldur ljóð og myndir frá meðlimum stöðvarinnar 22. mars '10.

**Margar skrítnar barnasögur** – Guðmundur R. Lúðvíksson myndlistarmaður sendi leikskólanum að gjöf í tölvutæki formi „Margar skrítnar barnasögur“ 22. mars '10.

„**Mér er alveg sama þó að það sé verið að hlæja að mér**“ – Foreldrafélagið bauð öllum börnunum í leikskólanum á leiksýningu í Frumleikhúsið 24. mars '10 ásamt foreldrum og leikskólakennurum (sjá foreldrafélag).

**Páskaeggjaleit í skrúðgarðinum** 25. mars '10. Öll börn leikskólans fóru og leituðu að páskaeggjum sem voru falin í skrúðgarðinum. Gefendur voru foreldrafélag leikskólans (sjá foreldrafélag).

**Erlingskvöld í Duushúsum** 25. mars '10. Leikskólakennarar Ljósvalla sögðu frá í máli og myndum hvernig Ljósvallabörnin hafa verið að fræðast um verk Erlings Jónssonar og þeirra nálgun á verkunum.

**Endurfundir.** Starfsfólk Mánavalla bauð fyrirverandi nemendum sínum árgangi 2004 til endurfundar í leikskólann 29. mars 2010. Það varð mikill fögnuður þegar 20 börn og foreldrar mættu í leikskólann en börnin stunda nám í fjórum grunnskólum Reykjanesbæjar.

**Skessan sem leiddist.** Elstu börnunum boðið á leikskólann Hjallatún 30. mars '10 til að sjá leikrit sem leikið var af elstu börnunum þar.

**Dagur umhverfisins** 26. apríl '10. Haldið upp á Dag umhverfisins með því að Ljós- og Sunnuvallabörn fóru upp í Vatnsholt og þrifu svæðið og Mána- og Sólvallabörn þrifu leikskólalóðina.



**Alþjóðlegi barnabókadagurinn** 6. apríl '10.

Í tilefni dagsins fengum við eldri borgara í Reykjanesbæ til að koma og lesa fyrir börnin. Gréta Eiríksdóttir (Svanrós frá Stekkjarkoti), las fyrir Mánavelli. Birna Zophaníasdóttir las útgefna skáldsögu sína fyrir Ljósveli og færði leikskólanum bókina að gjöf að lestri loknum. Ragnheiður Stefánsdóttir las á Sólvöllum og Rósa Bjarnadóttir á Sunnuvöllum.

**Umferðaskólinn** ungir vegfarendur með umferðarfræðslu 10. maí '10. Við vorum í samstarfi með Vesturbergi og fóru Sunnuvallabörnin þangað ásamt kennurum sínum. (sjá öryggismál).

**Listahátíð barna - listsýning í Duushúsum** 21. apríl – 8. maí '10. Yfirskriftin var HAFIÐ. Elstu börn allra leikskóla Reykjanesbæjar voru viðstödd opnunina og sungin voru saman lög um hafið. Ljós- og Sunnuvallabörn voru með skemmtun í Duushúsum í tilefni af **listahátíð barnanna** 29. maí '10. Þau fluttu ljóð, kvæði og söngva. Fjölmargir foreldrar mættu og einnig nemendur úr 6. og 7. bekk úr Myllubakkaskóla ásamt kennurum sínum. Sólvallabörnin komu og hlýddu á vini sína.

**Útskriftarhátíð** 26. maí '10 í Kirkjulundi. Nemendur sungu og táknuðu á táknmáli og lásu fyrir gesti. Leikskólastjóri kvaddi nemendur með ljúfum orðum. Boðið var upp á kaffi, safa og kökur. Einnig voru sýndar myndir frá leikskóladvöl nemenda. Frábær þátttaka foreldra, systkina og gesta m.a. bæjarstjóra, fræðslustjóra, leikskólafulltrúa og margra fleiri

**Kynningarfundur** fyrir foreldra nýrra barna haldinn í leikskólanum 8. júní '10. Inga María og Ragnhildur kynntu starfs- og kennsluhætti leikskólans og Ingunn deildarstjóri kynnti starfshætti Mánavalla. Gestir skoðuðu einnig leikskólann.

### Heimsókn í Landnámsdýragarðinn og Stekkjarkot

9. júní '10. Allir í leikskólanum börn og kennarar fóru og eyddu deginum á þessum slóðum, skoðuðu húsdýrin og fengu fræðslu þar um, einnig var Stekkjarkot skoðað og „húsfreyja“ tók þar á móti okkur og grillað var og snætt utandyra við Stekkjarkot í frábæru veðri.



**Elsa Pálsdóttir** leikskólastjóri í Gefnarborg í Garði kom 9. júní '10 og afhenti leikskólanum meistararitgerð sína sem heitir „*Það er ekki alltaf verið að finna upp hjólið, það er bara verið að bæta við nokkrum dekkjum*“. Í henni skoðar hún leikskólaumhverfi sem hvetur til skólaþróunar og er Tjarnarsel annar leikskólinn sem hún skoðaði og tók viðtöl við starfsfólk.

**Hvatningarverðlaun fræðsluráðs** afhent í Duushúsum 11. júní '10. Starfsfólk Sunnuvalla var tilnefnt af tveimur foreldrum sem áttu börn á Sunnuvöllum og leikskólastjóri tilnefndi verkefnisstjóra í þróunarverkefninu; GETA til sjálfbærni – menntun til aðgerða sem leikskólinn tók þátt í. Hlutu þessir aðilar viðurkenningarskjöl frá fræðsluráði

**Sumarhátíðin** var haldin 16. júní '10 í ágætis veðri. Allir nemendur leikskólans fluttu söngatriði og skemmtu sér ásamt foreldrum í ýmsum leikjum. Foreldrafélag leikskólans færði leikskólanum að gjöf spýtuþrákinn Gosa sem skemmti börnunum. Einnig gaf foreldrafélagið leikskólanum tvær stafrænar myndavélar ásamt töskum. Einnig var sölusýning á verkum nemenda á vegum foreldrafélagsins. Afar góð þátttaka.

## Kynning á leikskólanum út á við

**Málörvun og lestur.** Inga María leikskólastjóri kynnti lestrarnám í leikskóla frá 2ja ára aldri á ráðstefnunni sem haldin var á Hótel Sögu 10. sept. '09.



**Bók í hönd og þér halda engin bönd.** Árdís Hrönn Jónsdóttir hefur verið dugleg að kynna þróunarverkefnið okkar innan sem utan bæjarfélagsins og má þar nefna;

- Í sept. 2009 Fyrir deildarstjóra í leikskólum Garðabæjar
- Í sept. 2009 Fyrir faghóp leikskólasérkennara
- Í nóv. 2009 Í leikskólanum Heiðarseli, Reykjanesbæ
- Í jan. 2010 Í leikskólanum Hæðarból Garðabæ
- Í febr. 2010 Í leikskólanum Kirkjuból Garðabæ
- Í febr. 2010 Í leikskólanum Norðurbergi, Hafnarfirði
- Í mars 2010 Hjá Menntavísindasviði HÍ – framhaldsdeild
- Í apríl 2010 Í leikskólanum Bæjarbóli Garðabæ
- Í júní 2010 Á Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar

**Tjarnarsel gerðist samstarfsskóli Menntavísindasviðs Háskóla Íslands um menntun kennara 2009 – 2012.** Fengum sendan samstarfssamning til undirritunar og staðfestingar-skjal 21. sept. '09.

**Nemar frá Menntavísindasviði HÍ** – fjarnám. Komu í leikskólann í sept. okt. og nóv. '09, en þeir eru á 1., 3. og 4. ári.

**6 nemar frá FS** í uppeldisfræði og sálfræði komu í sept. og okt. '09 og febr. '10 og kynntu sér starfsemi leikskólans og tóku viðtöl.

**Sextán kennarar frá leikskólanum Holtaborg** komu í heimsókn 26. sept. '09 og fengu kynningu á starfi leikskólans.

**Námskrár og innra starf leikskóla** kennt í MSS 5.-7. október '09. Ragnhildur aðstoðarleikskólastjóri kenndi 3. árs leiðbeinendum í leikskólum, alls 15 klst.

**Leikskólafulltrúi og leik- og grunnskólakennarar úr Garðabæ** komu í heimsókn 12. nóv. '09 og fengu kynningu á samstarfi leik- og grunnskólanna í Reykjanesbæ og einnig á þróunarverkefninu „Bók í hönd og þér halda engin bönd“.

**Opið hús hjá Menntavísindasviði HÍ** 12. nóv. '09. Árdís verkefnisstjóri kynnti þar þróunarverkefnið okkar „Bók í hönd og þér halda engin bönd“.

**Leiðin til læsis.** Inga María leikskólastjóri og Árdís verkefnastjóri voru með fyrirlestur og kynningu á Menntavísindasviði HÍ 6. febr. '10, á lestrarumhverfi leikskólans og þróunarverkefninu „Bók í hönd og þér halda engin bönd“.

**Samstarf við Samvinnu – starfsendurhæfingu á Suðurnesjum.** Fengum nema frá þeim 9. febrúar '10, einn dag í viku í 12 vikur.

**Inga María leikskólastjóri** kynnti niðurstöður Tjarnarsels út frá GETA verkefninu á leikskólastjórafundi í Reykjanesbæ 24. mars '10 og einnig á fundi fræðsluráðs á fundi 25. mars '10.

**Leikskólakraftur á vegum MSS.** Eydís Eva Hólmbergsdóttir kom sem nemi 9. apríl '10 og dvaldi á Mánavöllum í 7 föstudaga.

**Inga María leikskólastjóri** kynnti starfendarannsókn sína með leikskólakennurum í Tjarnarseli á Menntavísindasviði HÍ 7. apríl '10, sem tengist meistaraverkefni hennar og sat fyrir svörum meistaránema.

Inga María leikskólastjóri, Ragnhildur aðstoðarleikskólastjóri, Árdís verkefnisstjóri og Margrét deildarstjóri kenndu á námskeiðinu „**Leikskólakraftur**“ á vegum MSS um innra starf leikskóla, skólanámskrá, vettvangsferðir og málproska barna, 19. – 27. apríl '10.

**24 starfsmenn leikskólans Lyngheima** í Grafarvogi komu og kynntu sér allt starf leikskólans 23. apríl '10.

**Fjölskyldumessa í Keflavíkirkirkju á táknmáli 30/4 '10.** Við sem heimaskóli táknmáls, auglýstum meðal foreldra og starfsfólks, fjölskyldumessu í Keflavíkirkirkju sem túlkuð var á táknmáli og táknmálskór söng.

**Grein í mbl. 3. maí '10.** Þróunarverkefninu okkar „Bók í hönd og þér halda engin bönd“ var gerð góð skil í mbl. og tekin voru viðtöl við Árdísi verkefnisstjóra og Ingunni Ósk deildarstjóra Sunnuvalla. (sjá fylgiskjal 4).

Fjórir nem. úr **Holtaskóla** og einn úr **Myllubakkaskóla** komu í starfskynningu í maí '10.

**Starfskraftur frá Svæðisskrifstofu fatlaðra.** Karen Eir Guðjónsdóttir kom í sumurvinnu í Tjarnarseli í 50% starf frá 1. – 29. júní '10.

**Starfskraftur frá Vinnuskóla Reykjanesbæjar.** Kamilla Mikaelisdóttir kom til vinnu í Tjarnarseli frá 9. – 29. júní og frá 3. – 12. ágúst '10.

**Hvatningarverðlaun Fræðsluráðs Reykjanesbæjar** afhent í Duushúsum 11. júní '10. Starfsfólk Sunnuvalla (elstu barna) var tilnefnt af tveimur foreldrum barna á Sunnuvöllum og leikskólastjóri tilnefndi Ragnhildi og Margréti verkefnisstjóra í GETA til sjálfbærni – menntun til aðgerða verkefninu. Hlutu viðurkenningarskjöl frá fræðsluráði.

**Listýning** á verkum Ljósvallabarnanna haldin í Bókasafni Reykjanesbæjar 14. júní – 25. júní '10.

Þess má geta að leikskólakennarar leikskólans eru duglegir að kynna starfið á vefsíðu leikskólans. Einnig senda þeir fréttir í staðarblöð og hafa fengið þar jákvæða og góða umfjöllun.

## Starfsmenn

### Stöðugildi

*Í október 2009 skiptust stöðugildi þannig:*

Leikskólakennarar: 11 starfsmenn 9,12 stöðugildum.

Leikskólaliðar/leiðbeinendur: 12 starfsmenn í 11,04 stöðugildum.

Starfsfólk í eldhúsi: 2 starfsmenn í 1,68 stöðugildum.

Af ofangreindum stöðugildum voru 2,12% stöðugildi í sérkennslu.

### Fundir

**Vegna sparnaðar hjá Reykjanesbæ var starfsmannafundum fækkað og voru sjö á s.l. starfsári.** Á fundunum var upplýsingum og fróðleik komið á framfæri. Einnig voru fundirnir nýttir m.a. til að endurmeta og skipuleggja starf leikskólans. Í lok starfsmannafunda voru haldnir **deildafundir**, þar sem farið var yfir málefni deildanna.

**Deildarstjórafundir** voru einu sinni í mánuði og stundum oftar. Á fundunum voru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og verkefnastjóri. Fundirnir voru nýttir til að ræða faglegt starf leikskólans og taka sameiginlegar ákvarðanir. Einnig vettvangur fyrir leikskólastjóra að koma áleiðis upplýsingum til deildarstjóra.

**Samráðsfundir leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra** voru á sameiginlegum tíma á skrifstofu.

**Undirbúningstímar** voru einu sinni í viku hjá hverjum starfsmanni sem vinnur inni á deild. Leiðbeinendur fengu 2 tíma, leikskólakennarar 4 tíma og deildarstjórar 5 tíma á viku miðað við 100% starf. Í undirbúningstímum var hópstarfið og annað faglegt starf undirbúið og skipulagt. Einnig voru þeir nýttir til foreldraviðtala.

**Fagfundir** leikskólafulltrúa og leikskólastjóra í Reykjanesbæ voru haldnir einu sinni í mánuði.

**Leikskólafulltrúi** kom á viðverufund til leikskólastjóra í leikskólann einu sinni í mánuði og hélt 2 fundi á árinu með aðstoðarleikskólastjórum í Reykjanesbæ.

**Sérkennslufulltrúi** hélt mánaðarlega fundi með sérkennslustjóra í leikskólanum og rætt var um þau börn sem nutu sérstuðnings, framvindu og leiðir og greiningar sem framundan voru og gaf fagleg ráð. Einnig boðaði hann **sérkennslustjóra leikskólanna** til sín á fundi þar sem rædd voru ýmis mál og fróðleik miðlað. Haldnir voru 2 fundir á árinu.

**Sérkennslustjóri** hélt fund um fjölmenningu í sept. '09. 'og sat hann Ragnhildur aðstoðarleikskólastjóri.

## **Skipulags- og námskeiðsdagar – Endur- og símenntun**

**Skipulagsdagur 7. september '09.** Inga María og Ragnhildur fóru yfir áherslupætti leikskólans og Árdís Hrönn Jónsdóttir verkefnisstjóri fór yfir þróunarverkefnið sem við erum að fara í; *Bók í hönd og þér halda engin bönd*. Flutti hún fyrirlestur um mál- og læsiþroska leikskólabarna og kynnti fyrir okkur orðaspjallsaðferðina og æfðum við okkur í henni . Dagurinn endaði á hópumræðum og skýrt var frá niðurstöðum síðar um daginn.

**Skipulagsdagur 30. október '09.** Deildirnar kynntu ýmis skemmtileg verkefni sem þær hafa verið að leggja áherslu á, hver deild með ólík verkefni. Eftir hádegi var val um að fara að skoða aðra leikskóla, vinna sérverkefni í leikskólanum eða fara á málþing hjá Menntavísindasviði HÍ – foruneyti barnsins – velferð og veruleiki. Skiptist starfsmanna- hópurinn frekar jafnt á heimsóknir.

**Skipulagsdagur 13. febrúar '10.** Hófst með starfsmannfundi og síðan hlýddum við á fyrirlestur Hrafnhildar Jónsdóttur prófessors við HÍ og forstöðumanns Rannsóknarstofu þroska, mál og læsi, um hvað leikskólakennarar þurfa að vita um málþroska til að standa faglega að málörvun og búa börnin undir farsæla þróun læsis og náms í grunnskóla. Áhersla var lögð á mikilvægi orðaforðans, frásagnarhæfni og söguskilning. Foreldrum var einnig boðið á þennan fyrirlestur. Eftir hádegi var unnið að innanhúsverkefnum.

**Skipulagsdagur 19. mars '10.** Haldinn á vegum 10. svæðadeildar FL, þar sem starfsfólk frá flestum leikskólum Reykjanesbæjar og nágrannasveitarfélaga komu saman í Ásbrú og hlustuðu á góða fyrirlestra fyrir hádegi, þær Kristínu Hildi Ólafsdóttur um *Sköpun barna* og Kristínu Dýrfjörð um *Lýðræði barna*. Eftir hádegi var fundað í leikskólanum og byrjað að taka fyrir erindi fyrirlesaranna. Skipt í 5 umræðuhópa og hver hópur gerði síðan grein fyrir sínum niðurstöðum. Árdís verkefnisstjóri fjallaði um þróunarverkefnið okkar og hvar við værum staddar og hvað væri framundan. Síðan voru rædd ýmis starfsmannamál.

## **Endur- og símenntun starfsmanna**

**Leikskólaliðar frá MSS.** Þann 27. nóv. '09 útskrifuðust Jenný Eggertsdóttir, Aldís Einarsdóttir, Þórey Óladóttir og Svanhildur Ingólfsdóttir sem leikskólaliðar frá MSS eftir 3ja anna nám.

## **Menntun starfsmanna 1. okt. '09**

Leikskólakennarar: 11 starfsmenn.

Nám í fjarnámi í þroskaþjálfabraut við menntavísindasvið HÍ: 1 starfsmaður.

Leikskólaliðar og önnur menntun: 13 starfsmenn

**Veikindaleyfi.**

Kristrún Samúelsdóttir fór í veikindaleyfi 3. ágúst '10

**Fæðingarorlof**

Inga Sif Stefánsdóttir fór í fæðingarorlof í jan. '10

**Uppsagnir.**

Brynja Brynleifsdóttir hætti störfum 3. ágúst '10

**Launalaust leyfi.**

Ingunn Ósk Ingvarsdóttir fór í launalaust leyfi frá 1. – 29. júní '10

Hólmfríður Jónsdóttir fór í 50% launalaust leyfi frá 14. - 29. júní og 3. – 9. ágúst '10

Ólafía Marelsdóttir fór í launalaust leyfi frá 3. – 23. ágúst '10

## Börn

**Flutningur barna milli deilda**

Skólinn býr við þá sérstöðu að hver deild er með hreinan aldursárgang árið um kring. Síðasta dag fyrir sumarleyfi færast allir yfir á næstu aldursdeild og kennararnir einnig. Þetta gerum við á skemmtilegan hátt, þ.e. allir hittast í sal og eru deildirnar afhentar formlega með fánum, barmmerkjum, vísum og söng. Síðan er „marserað” yfir á nýja deild. Þannig verður deild yngstu barnanna auð og strax að loknu sumarleyfi byrjar aðlögun yngstu barnanna inn í skólann.

**Fjöldi barna**

Í október 2009 voru alls 78 börn í Tjarnarseli.



Árg. 2004, alls 20 börn,

Árg. 2005, alls 19 börn,

Árg. 2006, alls 18 börn,

Árg. 2007, alls 21 barn,

**Sérkennsla**

Í október 2009 voru alls 4 börn í Tjarnarseli sem nutu sérstuðning í alls 2,12% stöðugildum. Sérkennslufulltrúi Reykjanesbæjar kom mánaðarlega í skólann og hélt fund með leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra og einnig deildarstjórum þegar við átti.

## Foreldrasamstarf

### Áherslur og markmið

Þar sem börnin dvelja mikinn hluta dagsins í leikskólanum teljum við mikilvægt að góð samvinna og traust skapist milli foreldra og starfsfólks. Að gott upplýsingaflæði þurfi að vera fyrir hendi milli þessara aðila til þess að dvöl barnsins verði sem ánægjulegust. Við leggjum okkur fram við að bjóða foreldra velkomna hvenær sem þeir óska og hvetjum þá til að koma í heimsókn og fylgjast með starfseminni.

### Foreldrafundir

**27. okt. '09** var haldinn kynningarfundur fyrir foreldra og aðalfundur foreldrafélagsins (sjá Foreldrafélag)

**15. jan. '10** var foreldrum elstu barna skólans boðið á kynningarfund um væntanlega lestrarkennslu og stóð kennslan yfir í 10 vikur og hófst 25. jan. '10. Sýnt í máli og myndum hvernig undirbúningi og framkvæmd er háttáð og foreldrar hvattir til samstarfs. Leikskólakennarar hópanna kynntu markmið með starfinu og leiðir til að ná þeim. Fundurinn var haldinn e.h. á vinnutíma og var góð mæting foreldra á fundinn.

**1. júní '10** var kynningarfundur fyrir foreldra nýrra barna. Inga María og Ragnhildur kynntu stefnu leikskólans og Ingunn Ósk deildarstjóri útskýrði hvernig aðlöguninni yrði háttáð. Foreldri úr stjórn foreldrafélagsins kynnti foreldrafélagið. Foreldrarnir skoðuðu síðan leikskólann og boðið var upp á veitingar á Mánavöllum. Mjög góð mæting.

### Foreldraviðtöl, fréttabréf

**Foreldraviðtöl.** Í afmælistánuði barnsins er foreldrum boðið að fá viðtal við deildarstjóra sem hópstjóri/tengill viðkomandi barns situr einnig. Á haustin gera hópstjórar „atferlisathugun“ á hverju barni í sínum hópi og endurskoða hana í janúar. Í samtalinu er foreldrum m.a. greint frá niðurstöðum.

**Fréttabréf** leikskólans voru 5 á síðasta starfsári. Í fréttabréfunum er upplýsingum komið á framfæri við foreldra hvað varðar starfið í leikskólanum.

### Foreldrafélag

Foreldrafélag Tjarnarsels er skipað átta fulltrúum foreldra.

Foreldrafélagið stóð m.a. fyrir:

- ❖ **Aðalfundi 27. okt. '09.** Fundurinn hófst með því að Inga María leikskólastjóri fór yfir áherslupætti leikskólans, Árdís verkefnisstjóri kynnti þróunarverkefnið „Bók í hönd og þér halda engin bönd“. Kosið var í foreldraráð leikskólans í fyrsta sinn. Jane Petra frá foreldrafélaginu las yfir ársskýrslu síðasta starfsárs og Rúnar fráfarandi gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins sem voru síðan samþykktir. Kynnt var ný stjórn,

samtals 7 manns. Að fundinum loknum fóru foreldrar inná deildir barna sinna og fengu kynningu hjá deildarstjórum á starfsáætlun vetrarins.

- ❖ **Úlfatíminn.** Sameiginlegur fræðslufundur foreldrafélaganna í Reykjanesbæ, haldinn í Kirkjulundi 3. nóv. '09, sem fjallaði um skipulag álagstíma hjá barnafjölskyldum.
- ❖ **Horn á höfði.** Tilboð á leiksýningu í Grindavík 8. nóv. '09
- ❖ **Jólaballi** sem var 6. desember '09 í Heiðarskóla. Það var vel sótt og áttu foreldrar og börn ánægjulega stund saman með góðum gestum.
- ❖ **Páskaeggjaleit í skrudgarðinum** 25. mars '10. Foreldrafélagið gaf öllum nemunum páskaegg í tilefni páskahátíðarinnar. Útbúin var ratleikur í skrudgarðinum þar sem nemendur skemmtu sér við að finna eggin.
- ❖ **Sölusýningu** á sumarhátíð leikskólans þann 16. júní '10 þar sem listaverk eftir leikskólabörnin voru til sölu. Þetta var einn liður í fjárflyflun félagsins.
- ❖ **Fréttabréfi í okt. '09.**
- ❖ **Morgunverðarhlaðborði** fyrir starfsfólk leikskólans 18. maí '10
- ❖ **Kynningu** á foreldrafélaginu 1. júní. '10 á fundi með nýjum foreldrum.
- ❖ **Gjöf til leikskólans.** Fulltrúar foreldrafélagsins færðu leikskólanum, tvær stafrænar myndavélar og leikþáttinn um Gosa á sumarhátíðinni 16. júní '10.

## Samstarf – fræðsla - ráðgjöf

### Ráðgjöf og samstarf við rekstraraðila

Leikskólinn hefur aðgang að ráðgjöf og þjónustu frá Fræðslusviði Reykjanesbæjar. Meðal annars við talmeinafræðinga, sálfræðinga, sérkennslufulltrúa, leikskólafulltrúa, félagsráðgjafa og fleira fagfólk. Leikskólafulltrúi hélt mánaðarlega fund með leikskólastjóra og kom hann þá í leikskólann. Leikskólafulltrúi fundar mánaðarlega sameiginlega með öllum leikskólastjórum Reykjanesbæjar. Einnig hélt hann tvo fundi með aðstoðarleikskólastjórum. Sérkennslufulltrúi kom mánaðarlega inn í skólann og fundaði með sérkennslustjóra um börn er njóta sérkennslu. Fylgdist vel með og gaf okkur fagleg ráð (sjá Starfsmenn – fundir). Leikskólinn hefur einnig gott samstarf við starfsfólk bæjarskrifstofu, þjónustumiðstöðvar, ÍAV og Fasteignar h.f. Allt okkar samstarf við rekstraraðila hefur verið mikið og gott í gegnum árin.

### Samstarf við aðra

- ❖ Samstarf við Brunavarnir Suðurnesja (sjá öryggismál).
- ❖ Samstarf við bókasafn Reykjanesbæjar hefur ætíð verið farsælt og nemendur Ljósvala fóru vikulega í sögulestur í bókasafnið og las Svanhildur Eiríksdóttir bókasafnfræðingur fyrir þau.
- ❖ Samstarf við Greiningarstöð ríkisins var í tengslum við börn sem dvelja í leikskólanum og njóta sérkennslu.
- ❖ Samstarf við fjölskyldu og félagsþjónustu hefur verið mikið og gott í gegnum tíðina.
- ❖ Samstarf við samskiptamiðstöð heyrnalausra vegna heyrnaskerts nemanda.
- ❖ Samstarf við Landvernd vegna Grænfána.
- ❖ Samstarf við Dacoda vegna heimsíðu leikskólans.
- ❖ Samstarf við kennara á Menntavísindasviði HÍ og HA – Hrafnhildi Ragnarsdóttur prófessor og forstöðumann rannsóknarstofu um þroska, mál og læsi, og Ingólf Ásgeir Jóhannesson og Stefán Bergmann sem eru hluti af teymi Geta hópsins.
- ❖ Samstarf við GETA hópinn v/Geta til sjálfbærni – menntun til aðgerða.
- ❖ Samstarf við Mentor v/skráningarforritsins Mentor.
- ❖ Samstarf við listamenn í Reykjanesbæ.
- ❖ Samstarf við fagaðila hjá skrifstofu Reykjanesbæjar.

- ❖ Samstarf við Hverfisvini vegna viðhalds í leikskólanum.
- ❖ Samstarf við garðyrkjustjóra bæjarins vegna útisvæðis leikskólans.
- ❖ Samstarf við umhverfissvið bæjarins.
- ❖ Samstarf við Björgina – dagdvöl geðfatlaðra.
- ❖ Samstarf við Álnabæ – endurvinnu efni sem til fellur frá þeim.

## Starfsmannasamtöl

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku starfsmannasamtöl við alla starfsmenn leikskólans í mars og apríl '10. Starfsmannasamtöl fara fram einu sinni á ári þar sem farið er yfir útfyllt sjálfsmat og starfsmaður veltir upp sínum sterku eiginleikum. Einnig hvaða námskeið tengdri símenntun hann óski eftir.

## Þroskaþjálfakennaranám við HÍ og aðrir nemar

### Nemar

Fjórir starfsmenn luku leikskólaliðanámi hjá MSS í desember '09

Einn starfsmaður lauk þroskaþjálfanámi við HÍ-menntavísindasviði í júní '10.

Einn leikskólakennari lauk jógakennaranámi um s.l. áramót. Hann mun nýta það bæði fyrir börn og starfsfólk.

## Samstarf við grunnskóla

Elstu börnin í leikskólanum fóru ásamt hópstjórum í heimsóknir í Myllubakkaskóla, Holtaskóla og Heiðarskóla.

Kennarar yngsta stigs grunnskóla og elsta stigs leikskólans og deildarstjórar hittust á árinu til að ræða samstarf milli skólanna. Einnig hittust þeir á vordögum og farið var yfir gátlista sem fylltir höfðu verið út um þá nemendur sem fara í viðkomandi skóla.

- **Samstarf skólastiga:**

Fyrsti bekkur ÍH úr Myllubakkaskóla kom í heimsókn í okt. '09 – kenndir ýmsir söngleikir í sal.

Elstu börnin fóru í heimsókn í Myllubakkaskóla og sýndu leik og söngatriði í tilefni af Degi ísl. tungu 21. nóv. '09.

Sjöundi ÍH las fyrir elstu börnin í leikskólanum 23. nóv. '09 (barn á barn).

Jóla kort send á milli 1. bekkjar nemenda Myllubakkaskóla og elstu barnanna í leikskólanum í des. '09.

Sunnvallabörn og 1. ÍH frá Myllubakkaskóla og elstu börn frá leikskólanum Vesturbergi hittust og sungu saman og gengu í kringum jólatréð á Skrúðgarðstorgi og drukku heitt kakó og borðuðu smákökur.

Sunnvallabörn heimsóttu 1. bekk ÍH í kennslustund í Myllubakkaskóla í febr. '10.

Sunnvallabörn fóru í íþróttatíma með 1. bekk í Myllubakkaskóla í mars. '10.

Sunnvallabörn heimsóttu bókasafn Myllubakkaskóla í apríl '10.

6. ÍH kom og lásu nem. fyrir Sunnuvallabörnin og afhentu öllum börnunum eintak af „Risastóru ævintýrabókinni“, sem þau höfðu úbúið eftir að hver 6. bekkingur í samstarfi við Sunnuvallabörnin útbjuggu sögur sem prýða ævintýrabókina. Þau yngri spunnu sögurnar og sá eldri skráði og setti í tölvutækt form.

Sunnuvallabörnin buðu Myllubakkanemendum í vettvangsferð í maí '10.

Sunnuvallabörn heimsóttu Holtaskóla og skoðuðu hann í fylgd skólastjóra í mars '10.

Sunnuvallabörn sem fara í aðra skóla heimsóttu þá einu sinni á vorönn.

Guðbjörg Þórisdóttir lestrarfræðingur í Holtaskóla kom og sat eina lestrarstund hjá Sunnuvallabörnum og kynnti sér lestrar- og skriftarumhverfið í leikskólanum.

Bryndís Guðmundsdóttir deildarstjóri í Heiðarskóla kom og fylgdist með Sunnuvallabörnunum í lestrarkennslu og kynnti sér starf leikskólans.



## Öryggismál

Þjónustuaðili gagnvart brunavörnum leikskólanna er **Öryggismiðstöð Íslands**.

**Brunaæfing** er annað hvert ár á haustin. Deildarstjórar endurmeta fyrri rýmingaráætlanir einu sinni á ári. **Slökkvitæki** eru yfirfarin einu sinni á ári.

**Viðbragðsáætlun** varðandi ýmsar skæðar flensur sem gætu komið upp á í leikskólanum var samin og sett inn á heimasíðu leikskólans, tilskipun frá landlækni vegna yfirvofandi svínaflensu sem gæti orðið að heimsfaraldri.

**Logi og Glóð.** Samvinnuverkefni elstu barna leikskólans og Brunavarna Suðurnesja. Tveir fulltrúar frá þeim komu 30. sept. '09 og tóku út brunavarnir í leikskólanum og ræddu við þau um Loga og Glóð. Börnin skiptust á að sinni hlutverki Loga og Glóðar og yfirfóru brunavarnirnar í leikskólanum og fylltir voru út gátlistar með aðstoð kennara. Þetta verkefni stóð yfir allan veturinn.

**Lúlli löggubangsi** kom í heimsókn ásamt Krissa löggú 6. nóvember '09 og rifjaði upp með okkur umferðarreglurnar. Að endingu færði hann börnunum límmiða og endurskinsmerki að gjöf.

Fulltrúar frá **viðhaldsþjónustinni Mímo ehf.** komu í nóvember '09 og júní '10 og yfirfóru loftræstistokka leikskólans og hreinsuðu það sem þurfti.

Fulltrúar frá **Eldvarnareftirliti Brunavarna Suðurnesja** komu og yfirfóru brunavarnir í leikskólanum s.s. slökkvitæki, útgönguleiðir o.fl. í mars og ágúst '10.

Fulltrúi frá **Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja** kom í eftirlit 30. sept. '09, og skoðaði húsnæði og leikskólalóð.

Fjórir sjálfboðaliðar frá kvennasveitinni **Dagbjörtu hjá Rauða krossinum** mættu fyrir utan leikskólann kl. 7:45 – 8:30, 6. maí '10 og athuguðu bílbeltanotkun hjá foreldrum og færðu þeim bókina „öryggi barna í bílum“.

**Öryggisfulltrúi** sér um reglulegt mat á leiktækjum útisvæðis og fyllir reglulega út gátlista það sem laga þarf innandyr.

**Umferðaskólinn Ungir vegfarendur** með umferðarfræðslu. Við vorum í samstarfi með leikskólanum Vesturbergi og fóru Sunnuvallabörnin þangað.

**Öryggisfulltrúi og „húsvörður“** leikskólans er Krístrún Samúelsdóttir.



## **Breytingar og viðhald**

**Útileiksvæði:** Skipt um sand í sandkassanum.

**Innanhúss:** Keypt ný þvottavél og þurrkari. Endurnýjuð tölva fyrir leikskólastjóran. Endurnýjað síma- og tölvukerfi hússins. Fjarlægður brotinn spegill í sal, settur nýr spegill á wc. Skipt út skápahurðum og settir stálþröskuldar á Ljós- og Sunnuvöllum. Yfirfarnar allar skrár, hurðabremsur og læsingar á hurðum og annað smálegt.

## **Námskeið, fyrirlestrar, ráðstefnur o.fl.**

**Fundur um málefni leik- og grunnskóla** haldinn í Holtaskóla 15. sept. '09.

**Táknmálsnámskeið** haldið á vegum Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og sóttu 3 kennarar Sunnuvalla námskeiðið ásamt væntanlegum grunnskólakennurum og fjölskyldu drengs á Sunnuvöllum. Alls 5 skipti, 3 klst. í senn.

**Með sól í hjarta.** Ráðstefna 9. okt. '09, hjá faghópi leikskólastjóra fyrir leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra. Fyrirlesari var Holly Elissa Bruno. Inga María og Ragnhildur sóttu ráðstefnuna.

**„Hvað er það sem fær leikskóla til að þróa sig áfram“.** Elsa Pálsdóttir leikskólustjóri á Gefnarvöllum í Garði kynnti meistaraverkefni sitt á starfsmannafundi 6. okt. '09. Tjarnarsel var hluti af verkefninu.

**Trúnaðarmannanámskeið FL,** haldið í Rvík 13. okt. '09. Fanney Jósepsdóttir sótti námskeiðið.

**Fundur í Tjarnarseli á vegum Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra 20. okt. '09.** Fundurinn fjallaði um hvernig á að kenna heyrnarlausum að lesa. Fundargestir um 30 frá leik- og grunnskólum Reykjanesbæjar.

**Föruneysi barnsins – velferð og veruleiki.** Málþing Menntavísindasviðs HÍ 29. okt. '09 í Rvík. Inga María og Ragnhildur sóttu þingið.

**Yngstu börn leikskólanna** – fundur haldinn í leikskólanum Holti 17. nóv. '09, þar sem fulltrúar frá leikskólum Reykjanesbæjar báru saman bækur sínar. Margrét Kolbeinsd. mætti f.h. Tjarnarsels.

**Skapandi afl í leikskóla – rauði þráðurinn í starfinu.** Ráðstefna á vegum leikskólasérkennara haldin í Salnum í Kópavogi 19. nóv. '09. Inga María og Ragnhildur sóttu ráðstefnuna.

**Þar sem gerast sögur og ævintýr.** Ráðstefna á vegum Menntavísindasviðs HÍ 6. febr. '10. Gréta Eiríksdóttir sótti ráðstefnuna.

**GETA samráðsfundur á Álftanesi** 12. febr. '10. Inga María, Ragnhildur og Margrét verkefnisstjórar sóttu fundinn.

**Hvað ræður för?** – málþing á vegum Sjónarhóls (sem er greiningar- og þjónusta við börn með sérþarfir), haldið í Rvík 4. mars '10. Inga María og Ragnhildur sóttu málþingið.

**Trúnaðarmannanámskeið VFSK** 12., 13. og 14. apríl '10. Hjálmey Einarsdóttir trúnaðarmaður sótti námskeiðið.

**ART-kynning** í Garðabæ 29. apríl '10. Inga María sótti kynninguna.

**Vorfundur leik- og grunnskólanna** haldinn í Njarðvíkurskóla 11. maí '10. Ragnhildur Sig. og Ingunn deildarstjóri sóttu fundinn.

## Lokaorð

Enn einu viðburðarríku starfsári leikskólans er lokið og alltaf gaman að líta yfir farinn veg. Við erum að uppskera árangur okkar í þeim þróunarverkefnum sem við höfum verið að vinna að og sinnum því enn af miklum áhuga. Má nefna Umhverfisverðlaun Reykjanesbæjar í sept. '09, þar sem við fengum viðurkenningu fyrir árangursríka stefnu og umhverfisfræðslu. Foreldrar tilnefndu starfsfólk Sunnuvalla til hvatningaverðlauna Fræðsluráðs og einnig voru verkefnisstjórar leikskólans tilnefndir fyrir GETA verkefnið (GETA til sjálfbærni – menntun til aðgerða).

Okkur til mikillar gleði fékk leikskólinn styrk til þriggja þróunarverkefna. Stóran styrk frá Þróunarsjóði námsgagna leik-, grunn- og framhaldsskóla að upphæð kr. 1.000.000.- fyrir þróunarverkefnið **Bók í hönd og þér halda engin bönd**, styrk úr Sprotasjóði að upphæð kr.600.000.- fyrir **Lýðræðislega þátttöku leikskólabarna í sínu nærsamfélagi** og styrk frá umhverfissviði Manngildissjóðs kr. 150.000.- fyrir verkefnið **Útinám í vettvangsferðum**.

Við erum á fljúgandi ferð í þróunarverkefninu „Bók í hönd og þér halda engin bönd“ þar sem verkefnisstjórinn stýrir því styrkri hönd og kynnir það vítt og breytt um landið. Einnig eru vettvangsferðirnar að taka á sig nýja mynd og farið að tala um útnám í vettvangsferðum. Við lítum svo á að útinám og fræðsla sé góð leið til að kenna börnum um menningu, skyldu og ábyrgð í sínu nærsamfélagi.

Eins og kemur fram í ársskýrslunni er sífellt verið að leita nýrra leiða til að bæta enn frekar starfshætti leikskólans. Í ár gerðum við tilraun með **Þátttökuaðlögun**. Hún snýst um þátttöku foreldra við aðlögun barna sinna, þar sem þeir fylgja og sinna barni sínu á nýjum vettvangi og þeim boðið upp á fræðslu um kennslu- og starfshætti leikskólans á hvíldartíma barnsins.

Það er alltaf gaman þegar verkefni leikskólabarna vekja athygli. Eitt slíkt var verkefni Ljósvallabarna sem vöktu athygli umsjónarmanns Erlingskvölds og leikskólakennurum boðið að halda kynningu á verkefnum sem tengdust útlitstaverkum Erlings Jónssonar og gerður góður rómur af.

Margir góðir gestir komu og kynntu sér þróunarverkefni í leikskólanum eins og „Bók í hönd“ og einnig lestrarkennsluna hjá okkur. Einnig vorum við með marga nema s.s. frá Menntavísindasviði HÍ, MSS o.fl. og styrkir það okkur að við séum leikskóli sem vekur eftirtekt fyrir faglegt og metnaðarfullt starf á landsvísu og er það vel.

*Reykjanesbæ í september 2010*

---

Ragnhildur Sigurðardóttir aðstoðarleikskólastjóri

---

Inga María Ingvarsdóttir leikskólastjóri